

# Endanlegir skilmálar

## FOS 24 1129

skuldaskjala útgefina af Fossum fjárfestingarbanka hf. í samræmi við 12.000.000.000 kr.  
útgáfuramma víxla og skuldabréfa

Gengi við sölu verðbréfanna: 95,02926

Útgáfudagur: 30. maí 2024

### 1. útgáfa flokks

(„verðbréfin“, „skuldaskjölin“, eða „víxlarnir“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. grein reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin út í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 6. mars 2024 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 12.000.000.000 kr. útgáfuramma Fossa fjárfestingarbanka hf.

Grunnlýsinguna og alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við hana er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://fossar.is/fjarfestar/>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og skuldaskjölin með því að lesa saman grunnlýsinguna, alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 6. mars 2024.

## Hluti I: Skilmálar skuldaskjalanna

### 1 Útgefandi

Grein 1 gildir um skuldaskjölin.

### 2 Nafnverðseiningar, heildarheimild, gjaldmiðill og fleira

Grein 2.1 gildir um skuldaskjölin.

Útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna: ISK

Nafnverð útgáfu: 1.700.000.000 kr.

Nafnverðseiningar: 20.000.000 kr.

Áður útgefín verðbréf í flokki: Ekki hafa áður verið gefin út verðbréf í sama flokki.

Heildarheimild flokks: Opinn flokkur. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

Grein 2.2 gildir um víxlana.

### 3 Útgáfuform

Grein 3 gildir um skuldaskjölin.

Verðbréfamiðstöð: Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-09370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi, sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerninga („verðbréfamiðstöð“).

### 4 Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna

Grein 4 gildir um skuldaskjölin.

### 5 Greiðsluform

Grein 5 gildir um skuldaskjölin.

### 6 Verðtrygging

Engin verðtrygging:

Skuldaskjölin eru óverðtryggð.

### 7 Vextir

Form vaxta: Víxlarnir eru vaxtalausir og gildir grein 7.1 um víxlana.

Dagregla: ACT/360. Grein 7.4 gildir um skuldaskjölin.

Grein 7.5. gildir um skuldaskjölin.

### 8 Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: Höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann 29. nóvember 2024. Grein 8.1 gildir um víxlana.

### 9 Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)

Grein 9 gildir um víxlana.

### 10 Staða í kröfuröð

Grein 10 gildir um víxlana.

### 11 Löggjöf um útgáfuna

Grein 11.2 gildir um víxlana.

### 12 Yfirlýsingar

Eftirfarandi stafliðir greinar 12 gilda um víxlana: A, B, C, D, E, F.

### **13 Upplýsingakvaðir**

Grein 13 gildir ekki um víxlana.

### **14 Almennar kvaðir**

Grein 14 gildir ekki um víxlana.

### **15 Fjárhagsleg skilyrði**

Grein 15 gildir ekki um víxlana.

### **16 Vanefndartilvik**

Grein 16.1 gildir um víxlana.

Grein 16.3 gildir um víxlana.

### **17 Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða**

Grein 17.1 gildir um víxlana.

LOGOS slf., 460100-2320, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík hefur verið skipaður óháður umboðsmaður kröfuhafa með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann 5. mars 2024.

### **18 Önnur ákvæði**

Heimild til kaupa eigin skuldabréfa/víxla: Grein 18.1 gildir um víxlana

Upplýsingaöflun: Grein 18.2 gildir um víxlana.

Hlunnindi: Grein 18.3 gildir um víxlana.

Framsal: Grein 18.4 gildir um víxlana.

Skattaleg meðferð: Grein 18.5 gildir um víxlana.

Ágreiningsmál: Grein 18.6 gildir um víxlana.

### **19 Skilmálabreyting og ákvarðanatoka**

Á ekki við.

### **20 Tryggingar og ábyrgðir**

Grein 20 gildir um víxlana.

### **21 Takmarkanir við veitingu tryggingarréttinda**

Grein 21 gildir ekki um víxlana.

## **22 Innlausnarheimild að vali eigenda skuldaskjalanna**

Grein 22 gildir ekki um víxlana.

## **23 Sérstakar yfirlýsingar**

Grein 22 gildir um víxlana.

## **24 Eigin bréf**

Grein 23 gildir um víxlana.

## Hluti II: Aðrar upplýsingar

<b>1.</b>	<b>Skráning og taka til viðskipta</b>	
	Skráning og taka til viðskipta:	Óskað verður eftir því að öll útgefin skuldaskjöl í flokknum IS0000036416 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt Útgefandi mun óska eftir töku til viðskipta.
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	30. maí 2024
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Á ekki við.
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Á ekki við.
<b>2.</b>	<b>Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfuna/útboðið</b>	
	Upplýsingar um hagsmuni sem tengjast útgáfunni, þ.m.t. hugsanlega hagsmunaárekstra:	Að undanskildum kostnaði greiddum til Markaðsviðskipta Fossa fjárfestingarbanka er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu víxlaflokksins.
<b>3.</b>	<b>Ástæður fyrir útboðinu, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðsins</b>	
	Ástæða fyrir útboðinu:	Fjármögnun á starfsemi útgefanda.
	Áætlaður heildarkostnaður:	2 m.kr.
	Áætlað nettósöluandvirði:	1.614 kr.
<b>4.</b>	<b>Ávöxtunarkrafa</b>	
	Upplýsingar um ávöxtunarkröfu:	10,29%
<b>5.</b>	<b>Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á</b>	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Á ekki við.
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Á ekki við.
<b>6.</b>	<b>Heimild til útgáfu</b>	
	Stjórn útgefanda hefur samþykkt útgáfuramma þann sem lýst er í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 28. júlí 2023. Skuldaskjölín sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefin út skv. heimild stjórnar þann 19. desember 2023 og felld undir útgáfurammann við stofnun hans. Verðbréfin hafa öll verið seld og er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann 13. mars 2024.	
<b>7.</b>	<b>Auðkenni</b>	
	ISIN númer:	IS0000036416
	Auðkenni:	FOS 24 1129

	CFI númer útgáfu:	DYZUXR
	FISN númer útgáfu:	FOSSAR FJARFEST/0.00 MMKT 202411029
<b>8.</b>	<b>Upplýsingar frá þriðja aðila</b>	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	Á ekki við.
<b>9.</b>	<b>Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu</b>	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	Á ekki við.

**Fossar fjárfestingarbanki hf.**

**24. maí 2024**

---

Steingrímur Arnar Finnsson, forstjóri

Undirritað rafrænt